BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 526

# Jóhann Finnbogi Indriðason

(1897-1970)

## Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 526*

# Jóhann Finnbogi Indriðason

Inngangur

Jóhann Finnbogi Indriðason var fæddur 9. janúar 1897 á Fáskrúðsfirði, látinn 12. nóvember 1970.
Hann var á Fáskrúðsfirði meira og minna til 1933, veitingamaður í Hamborg, Búðasókn 1930, er þau hjón fluttu til Akureyrar. Frá Akureyri fluttu þau til Reykjavíkur 1941. Jóhann var verkamaður, bifreiðastjóri og sjómaður í Reykjavík. Síðast búsettur á Hverfisgötu 88c.

Jóhann kvæntist, 31. ágúst 1926, Björgu Lilju Jónsdóttur, fædd 15. maí 1909 á Karlsstöðum í Fljótum, látin 5. október 2002. Foreldrar hennar voru þau Þórunn Sigríður Jóhannesdóttir (1888-1982) húsfreyja og Jón Þorbergur Jónsson (1883-1922) sjómaður. Björg var með foreldrum sínum í Fljótum til 1922, síðast á Skeiði. Fór þá í vistir í Fljótum og síðan í Ólafsfirði og á Siglufirði. Húsfreyja á Fáskrúðsfirði 1926 til 1933.

Börn Jóhanns og Bjargar: Jón Óskar (1926-2004), var í Hamborg (hjá foreldrum), Búðasókn 1930. Rósenberg (1928-1974), verkamaður og bifreiðastjóri í Reykjavík. Hörður Viktor (1929-), var í Hamborg (hjá foreldrum), Búðasókn 1930. Svavar Guðni Gunnarsson (1931-2013), bifvélavirkjameistari og rafvélavirkjameistari í Reykjavík og á Ólafsfirði, síðar kennari á Akureyri. Kjörforeldrar hans: Gunnar Eiríksson (1901-) og Þórhildur Sigurðardóttir Kjerúlf (1896-). Freyja (1932-2012), fékkst við ýmis störf í Reykjavík. Fjóla (1933-). Þór (1934-2014), sjómaður, matsveinn og húsvörður.
(Heimild: Sævar Þórsson, útprentun úr Íslendingabók og Morgunblaðið, minningargrein um Björgu Lilju Jónsdóttur,13. október 2002).

*Afhending:* Sævar Þórsson 25. mars 2014.
*Innihald:* Bréf, skjöl vegna fasteignakaupa, bankaviðskipta o.fl.
*Tímabil:* 1872-1970

Útprentun úr Íslendingabók og minningargrein um Björgu Lilju Jónsdóttur er sett fremst í öskju nr. 1.

## Skjalaskrá

### Bréfa- og málasafn

#### Askja 1
*Bréfa- og málasafn, 1872-1970.*

**Örk 1**
Bæjarstjórinn á Akureyri. Jóhann Indriðason fær leigða byggingarlóð við Fjólugötu,

27. september 1933.
Bæjarstjórinn á Akureyri. Jóhanni Indriðasyni veitt leyfi til að reisa íbúðarhús á leigulóð sunnan Fjólugötu, 13. október 1933.
Jóhann Indriðason staðfestir að hafa keypt húsið að Fjólugötu 7, af Samvinnubyggingafélagi Akureyrar og að greiða af veðskuldabréfi frá Byggingarsjóði Akureyrar, 12. desember 1934.
Staðfesting á að Jóhann Indriðason hafi greitt af byggingarláni til Samvinnubyggingafélags Akureyrar, 7. september 1935.
Bæjarstjórinn á Akureyri. Jóhann Indriðason fær samþykki til að færa eldhús af efri hæð niður í kjallara, 17. apríl 1936.
Bæjarstjórinn á Akureyri. Jóhann Indriðason fær leigt land sem liggur vestan við land Margrjetar Eiríksdóttur, 7. október 1936.
Bæjarstjórn Akureyrar. Jóhanni Indriðasyni selt land sem liggur í Eyrarlandslandi vestan við Holtabraut, 9. maí 1938, teikning fylgir.
Kaupsamningur. Árni Þorgrímsson selur Jóhanni Indriðasyni tryllubátinn „Vonin“ E. A. 549, 30. janúar 1939.
Úttekt Sigtr. (Sigtryggur) Sigurðsson tekur út tryllubátinn „Vonin“ E. A. 549, 25. febrúar 1939.
Viktspecifikation. Flutningsnóta, með Gullfossi til Akureyrar, 13. mars 1939.
Bifreiðaeinkasala ríkisins. Jóhann Indriðason biður um og er veitt leifi til kaupa á vörubifreið, 15. nóvember 1941.
Akureyrarbær. Kvittun fyrir greiddum gjöldum til Akureyrarbæjar, 30. október 1941.
Afsal. Jóhann Indriðason selur Ólafi Loftssyni eignarétt erfðafestulandsins í Eyrarlandslandi, 18. júlí 1942, frumrit og afrit.

**Örk 2**
Kaupsamningur. Eyvindur Árnason og Haraldur Guðjónsson selja Jóhanni Indriðasyni sumarbústað við Grafarholt í Mosfellssveit, 31. ágúst 1942.
Borgarstjórinn í Reykjavík. Jóhanni Indriðasyni synjað um byggingaleyfi til að reisa íbúðarhús við Elliðaárvog, en getur fengið leyfi til að reisa hús á Bústaðaholti, 5. júní 1943.
Bæjarverkfræðingurinn í Reykjavík. Tilkynning til Jóhanns Indriðasonar um að búið sé að mæla fyrir lóð hans við Sogaveg, 6. júlí 1943.
Borgarstjórinn í Reykjavík. Bæjarráð gerir samning við Jóhann Indriðason um lóðina að Sogavegi 158, sem Jóhann hefur þegar reist íbúðarhús á, 30. október 1943.
Yfirlýsing. Jóhannes Jónsson staðfestir að hann muni greiða Jóhanni Indriðasyni eftirstöðvar skuldabréfs með 2. veðrétti í Hitaveitutorgi 1, 11. apríl 1944.
Húsaleigusamningur. Jóhann Indriðason tekur húsnæði á leigu að Sogavegi 176, 1. ágúst 1954, líklega uppkast.
Rafmagnsveita Reykjavíkur. Jóhann Indriðason greiðir rafmagn af Sogavegi 176, 4. júní 1958.
Rafmagnsveita Reykjavíkur. Jóhann Indriðason greiðir heimtaugargjald af Sogavegi 176, 20. október 1959.
Borgarfógeti Reykjavíkur. Veðbókarvottorð fyrir Sogaveg 176, án dagsetningar og árs.
Afsalsbréf. Jóhann Indriðason seldur Sigurjóni Símonarsyni og Kristjáni Jóhanni Ólafssyni fasteignina Sogaveg 176, 9. júní 1962, afrit.
Bréf til L. M. F. Í. (Lögmannafélag Íslands) frá Jóhanni Indriðasyni þar sem hann biður um aðstoð vegna skuldabréfs sem hann er eigandi að, 3. apríl 1968, afrit, 2 bréf.
Laugavegur 69, brunavirðing, frá 9. apríl 1901 til 1916.
**Örk 3**
Köbstædernes Almindelige Brandforsikring, brunatrygging fyrir Hverfisgötu 88 (bakhús), sem tilheyrir Bergi Einarssyni, 2. júlí 1919.
Bæjarfógetinn í Reykjavík. Virðingargjörð, Hverfisgata 88c, 17. júlí 1919.
Bæjarfógetinn í Reykjavík. Veðbókarvottorð, Hverfisgata 88 eigandi Bergur Einarsson, 29. júlí 1919.
Kaupsamningur. Bergur Einarsson selur Jóni Jónssyni húseign sína að Hverfisgötu 88c, 29. júlí 1919.
Bæjarfógetinn í Reykjavík. Veðbókarvottorð, Hverfisgata 88c eigandi Jón Jónsson, 2. mars 1920.
Kaupsamningur. Jón Jónsson selur Jóni Magnúsi Jónssyni húseign sína að Hverfisgötu 88c, 3. mars 1920.
Landsbanki Íslands. Jón Magnús Jónsson tekur veðdeildarlán með veði í fasteigninni Hverfisgata 88c, 4. mars 1920, 2 eintök.
Landsbanki Íslands. Veðskuldarbréf Sigfúsar Sigurðssonar og Stefáns Gíslasonar, veðsetningareign Hverfisgata 88c, 29. september 1936.

Afsal. Guðbjörg Magnúsdóttir selur Guðlaugu Jónsdóttur húseignina Hverfisgötu 88c, 5. september 1938.
Veðskuldabréf. Guðlaug Jónsdóttir tekur lán, veðsetningareign Hverfisgata 88c, 5. september 1938.
Guðlaug Jónsdóttir greiðir Jóh. Karlssyni afborgun af skuldabréfi með veðrétti í fasteigninni Hverfisgötu 88c, 17. febrúar 1939.
Veðskuldabréf. Einar Jónsson tekur veðlán og veðsetningareign er Hverfisgata 88c, 11. júlí 1956.
Borgarfógetinn í Reykjavík. Veðbókarvottorð fyrir Hverfisgötu 88c eign Einars Jónssonar, 29. maí 1962.
Kaupsamningur. Einar Jónsson selur Jóhanni Indriðasyni húseignina Hverfisgötu 88c, 28. maí 1962, frumrit og afrit.
Veðskuldabréf. Jóhann Indriðason tekur lán með veði í húseign sinni að Hverfisgötu 88c, 12. júní 1962, afrit.
Afsalsbréf. Einar Jónsson afsalar Hverfisgötu 88c til Jóhanns Indriðasonar, 12. júlí 1962. Heft við bréfið eru greiðslukvittanir af láni frá 15. júní 1969 og 13. júní 1970.
Skrifstofur Reykjavíkurbæjar. Mat á húseigninni Hverfisgata 88c eigandi Jóhann Indriðason, 4. september 1962.

## Prentað mál

*Bæa vísur*, handskrifuð bók. Aftan á bókina er ritað: „Brjet BjarnaDottir á þessar Výsur Með Rjettu, Sveinn Sveinsson á Hálsi Hefur samið“.

„*Bæavísur*, númeraðar ortar af Ásgrími Jonssine árið 1872“, handskrifuð bók. Aftast í bókina er ritað: „Jóhannes á þessa bók med rietui og er vel að kominn. Felli? í febrúar árið 1873, Bjarni Jónsson 1877“.

*Runa ritbok för nybörjare*, häft A. Bókin er merkt Ásbjörn Örn Jónsson, Norður Vík.

*Lóðamerkjaskrá fyrir Skagafjörð, Siglufjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur*, 1938.

Skráð í apríl 2014
Gréta Björg Sörensdóttir